

Melrakkasetur Íslands ehf

Ársskýrsla

Starfsárið 2011



Mynd Þórður Sigurðsson

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar	3
Stjórn og fundir.....	5
Stefnumál	5
Samfélagsmál	5
Starfsmannamál	6
Stofnfélagar og hlutafé.....	7
Fjármál.....	7
Styrktaraðilar	8
Samstarfsaðilar	8
Starfsemin 2011	9
The Wild North	14
Rannsóknir.....	15
Sumarið framundan:.....	16
Lokaorð.....	17

Frá formanni stjórnar

Óhætt er að segja að árið 2011 hafi verið viðburðarríkt ár fyrir Melrakkasetur Íslands en það var fyrsta heila starfsárið í Eyrardalsbænum. Þegar metin er sá árangur sem náðst hefur er ekki annað hægt að segja en að farsælum áfanga sé náð. Það sem stendur upp úr og ég ætla að fjalla um hér, er sú velvind og tiltrú sem Melrakkasetur Íslands hefur náð að skapa sér í hugum fólks, hvort sem það er hjá íslenskum stjórnvöldum, vestfirsku stoðkerfi, íbúum Súðavíkur, almennum velunnurum, hluthöfum félagsins, íslenskum sem erlendum fræðimönnum og náttúrulífsunnendum. Sú velvild skín í gegn hvert sem litið er.

Hana má meðal annars sjá hjá þeim aðilum sem heimsótt hafa setrið og hafa gerst hluthafar í heimsókn í setrið en við stofnun félagsins þann 15 september árið 2007 voru hluthafar samtals 43 og var hlutfé þá skráð 2,1 millj. Í dag, tveimur árum seinna eru hluthafar orðnir 61 og hefur hlutfé félagsins hækkað um 1, 5 millj. og er nú orðið 3,6 millj. Margir gestir setursins finna hjá sér þörf til að gera vel við setrið eftir að hafa fengið faglega leiðsögn um sýninguna og húsið og hefur þeim þá verið boðið að kaupa hlutabréf í félaginu sem margir þiggja og eru þeir þá orðnir virkir þáttakendur í uppbyggingu setursins og geta fylgst betur með gangi þess. Auk þess hafa fjölmargir styrkt starfsemina á einn eða annan hátt nú síðast þegar sérstakt átak var sett af stað undir yfirskriftinni „Má bjóða ykkur sæti“, en þá voru fjölmargir sem skráðu sig fyrir stól, og hefur 40 stólum nú verið komið fyrir hér á efri hæð hússins. Annað dæmi um velvild og tiltrú á starfsemina er að á árinu 2011 voru samþykktir samtals styrkir frá sex aðilum að upphæð kr. 9,3 millj. þar af 3,0 millj. frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og 3,5 millj. frá Forsætisráðuneytinu. Orðspor setursins hefur einnig á sínum stutta starfstíma náð langt út fyrir landsteinanna sem má sjá á fjölda umsókna frá sjálfböðaliðum, hvaðan að úr heiminum sem leggja fram þá ósk um að koma á eigin vegum og vinna í sjálfböðavinnu fyrir setrið, bæði við rannsóknarstörf og / eða almenna vinnu. Þannig komu 14 erlendir sjálfböðaliðar sl. sumar til Súðavíkur og störfuðu mislengi og nú þegar hafa sjálfböðaliðar hafið störf fyrir setrið og verða fram á haust. Ekki má gleyma öllum þeim erlendu ljósmyndurum, greinahöfundum, þáttagerðarmönnum sem koma sérstaklega til landsins til njóta þeirrar þekkingar og leiðsagnar sem Melrakkasetrið býður upp á en hver og einn þeirra fer til baka með mikinn fróðleik og koma síðan upplýsingum á framfæri, hver í sínu heimalandi þar sem starfsemi setursins er gert góð skil. Þessu til viðbótar hafa fræðamenn, erlendir sem innlendir gert sér sérstaka ferð til Súðavíkur til að skoða þetta fyrirtæki sem hefur sett sér það að leiðarljósi að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðaþjónstu og einbeitir sér að þverfaglegum rannsóknum í samstarfi við innendar og erlendir rannsóknastofnanir.

Þegar þannig er farið vítt yfir sviðið og metinn sá stallur sem Melrakkasetur Íslands hefur skipað sér á, er ekki annað hægt að segja en að árangurinn er framar björtustu vonum. Það er vissulega ekki sjálfgefið að ná slíkum hæðum, en það hefur tekist með áræðni, eljusemi, útsjónarsemi og góðu skipulagi, þar sem framtíðarsýnin var skýr frá upphafi og unnið eftir.

Að langstærstum hluta má þakka það forstöðumanni félagsins, Ester Rut Unnsteinsdóttir sem hefur haft óbilandi trú á verkefninu og fylgt því eftir með festu og áræðni.

Það þarf sterk bein til að þola góða daga, er orðatiltæki sem kemur upp í huga mér og á vel við þegar metin er sú staða sem Melrakkasetur Íslands hefur skipað sér á, á þeim tveimur árum sem það hefur starfað.

Ljóst er að með aukinni vitund á starfsemi setursins, hvort það sem er meðal stjórnvalda eða annarra velunnara, þá aukast væntingarnar. Væntingar sem tilkomnar eru vegna góðs, en

baklandið sem setrið hefur náð að skapa sér, er ein besta hvatning sem hægt er að hugsa sér til að halda áfram á sömu braut og með slíka velvild er framtíðin björt og okkur allir vegir færir.

Það er ánægjulegt og hefur verið gefandi að hafa fengið að starfa að uppbyggingu Melrakkaseturs Íslands í Súðavík og vil ég þakka stjórn og forstöðumanni fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

Ómar Már Jónsson, formaður stjórnar.

Stjórn og fundir

Á aðalfundi í maí 2011 voru eftirfarandi kosnir stjórnarmenn Melrakkaseturs Íslands ehf (í stafrófsröð): Barði Ingibjartsson (Súðavík), Dagbjört Hjaltadóttir (Súðavík), Ester Rut Unnsteinsdóttir (Súðavík), Ómar Már Jónsson (Súðavík) og Böðvar Þórisson (Bolungarvík). Til vara var Elías Oddsson (Ísafirði) kjörinn. Stjórn skipti með sér verkum þannig að Ómar er formaður stjórnar og Ester ritari en aðrir stjórnarmenn meðstjórnendur. Endurskoðandi er, eins og áður hefur verið, Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á mánaðarfresti á síðastliðnu ári. Stjórn, að hluta eða í heild, sat einnig ýmsa fundi með samstarfs og/eða opinberum aðilum.



Stefnumál

Eitt aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðapjónustu. Við viljum vekja athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða og að svæðið verði fyrsta val sem áfangastaður til að skoða hánorrænt dýralíf og náttúru. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni í samstarfi við innlendir og erlendar rannsóknarstofnanir.

Samfélagsmál

Melrakkasetrið vinnur samkvæmt sjálfbærri hugmyndafræði og leitast m.a. við að:

- vera til fyrirmyndar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.



- afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samspil ólíkra lífvera í umhverfinu.
- taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- byggja upp á sjálfbæran hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- skapa störf í heimabyggð.
- vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðlavinnu og samstarfs.
- bjóða grunnskólabörnum og eldri borgurum í heimabyggð ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Starfsmannamál

Ester Rut Unnsteinsdóttir sinnti starfi framkvæmdastjóra eins og áður, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Á hreppsskrifstofunni sat Unna við að bókfæra kvittanir og fylgiskjöl af myndugleik. Með framlagi Vinnuálastofnunar, í gegnum verkefnið „Sumarstörf fyrir skólafólk“, voru ráðnir fjórir sumarstarfsmenn: Fanney Þórisdóttir, Fjóla Þórisdóttir, Hjörleifur Einarsson og Sonja

Lind Sveinbjörnsdóttir en þau þrjú fyrstnefndu voru öll hjá okkur fyrsta sumarið (2010). Sonja bættist í hópinn á síðastliðnu sumri og er, ásamt Fanneyju, hjá okkur aftur nú í ár.



Hjálparliðar

Dagný Axelsdóttir, Rúna Esradóttir, Lilja Kjartans og Inga Vala Jónsdóttir komu og hjálpuðu til öðru hvoru. Móri [eða Moritz], jarðfræðinemi frá Þýskalandi, var hjá okkur í starfsnámi í tvo mánuði síðasta sumar og hjálpaði til við ýmislegt. Tatjana frá Orkneyjum kom einnig til okkar og útbjó beð fyrir grasagarðinn og hlóð steinahleðslur með unga fólkinu í þorpinu. Dagbjört Hjaltadóttir tók á móti gestum í fjarveru forstöðumanns í vetur og útvegaði setrinu nýja norska vini. Þórir Sigurhansson smíðaði og lagaði til þegar þurfti á að halda ásamt því að skutlast með sjálfbóðaliða og kenna þeim að vakta tófur. Þórður Sigurðsson tók fullt af flottum myndum, við ýmis tilefni, fyrir setrið. Maria Danium þvoði þvottinn í Sumarbyggðinni og aðstoðaði við flutninga og þrif í Eyrardal í haust ásamt Oddnýju Bergsdóttur. Jón Ragnarsson sinnti rebbunum í fjarveru forstöðumanns og hjálpaði til við ýmislegt í setri. Þórir Sigurhansson flutti innbúið tilbaka fyrir páska svo hægt væri að opna á tilsettum tíma. Kjartan Geir stóð sig vel sem dýrahirðir sem fyrr og Aðalsteinn Axelsson, ásamt félögum sínum, sá um skreytingar fyrir Bláberjadaga.



Framkvæmdir við húsið

Húsið var málað að utan sl. sumar og voru það Vilborg Arnardóttir og Guðrún Halldórsdóttir sem sáu um það. Í vetur var húsið svo málað að innan og lokið við frágang á efri hæð. Það voru þau Magnús Alfredsson sem sá um smíðar og Guðrún Halldórsdóttir og Jónas Ólafur Skúlason sem máluðu. Áður höfðu Oddný Bergsdóttir og María Daníum fært alla innanstokksmuni inn í sýningarsalinn og plastað allt til að verjast smíðarykinu. Frosti passaði upp á að allt væri í röð og reglu meðan forstöðumaður brá sér af bæ.

Stofnfélagar og hlutafé

Stofnendur þann 15. september 2007 voru 43 talsins og skrifuðu sig hlutafé að upphæð kr. 2.110.000,-. Hlutaféð skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð tíupúsund krónur að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Á aðalfundi félagsins í maí 2010 var ákveðið að hækka hlutafé félagsins upp í 5 milljónir. Aukið hlutafé var boðið til sölu í desember 2010 og nýttu flestir stofnfélagar rétt sinn til forkaupsréttar. Í árslok 2011 var hlutafjäreign Súðavíkurbrepps í félaginu 50,114%. Enn eru nýjir hluthafar að bætast í hópinn og nokkuð af hlutabréfum laus til sölu. Gaman er að segja frá því að hlutabréf í Melrakkasetri hafa verið notuð til gjafa og einnig hafa erlendir gestir fjárfest í hlutafé. Kaup á hlutafé er í raun stuðningsyfirlýsing og eru félagar nú orðnir 61 talsins. Hluthafar Melrakkasetursins eru mikilvægur bakhjarl og hvatning til að vanda til verka og halda áfram að byggja upp fyrirtækið samkvæmt þeirri stefnu Um síðustu áramót var búið að skrá fyrir hlutafé að upphæð 3.610.501 kr. Þar sem eingöngu er hægt að skrá nýja hlutafélaga inn að undangenginni stjórnarsamþykkt, bíða nokkrar beiðnir afgreiðslu og munu hljóta formlega skráningu í hlutafélagaskrá frá og með næstu áramótum. Beðist er velvirðingar á þessari töf en um leið þökkum við kærlega fyrir veittan stuðning og þátttöku í verkefninu. Enn er til hlutafé svo það er öllum velkomid að tryggja sér hlut.

Fjármál

Að álitum stjórnar Melrakkaseturs Íslands ehf. koma fram í ársreikningi, sem lagður er fram á aðalfundi þann 9. júní 2012, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á rekstrarárangri setursins á árinu og stöðu í árslok 2011.

Eins og áður var sótt um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna ýmissa verkefna sem tengjast starfsemi Melrakkaseturs Íslands.

Árið 2011 hlaut Melrakkasetrið eftirfarandi styrki frá opinberum aðilum og sjóðum:

1. 3.000.000,- úthlutun frá Fjárlaganefnd Alþingis, í gegnum Mennta og menningarmálaráðuneytið, vegna launa forstöðumanns.

2. 3.500.000,- úthlutun frá Forsætisráðuneytinu, fyrri greiðsla af tveimur, til að styrkja undirstöður Melrakkaseturs Íslands.
3. 500.000,- önnur úthlutun af þremur frá Vaxtarsamningi Vestfjarða vegna þróunar á dýralífstengdri ferðaþjónustu.
4. 600.000,- frá Þjóðhátíðarsjóði til sýningar Melrakkaseturs Íslands.
5. 250.000,- frá Menningarráði Vestfjarða til að setja á svið brúðuleikhús.
6. 250.000,- frá Menningarráði Vestfjarða til að undirbúa komu hvítabjarnar.
7. 1.200.000,- frá Vinnumálastofnun vegna sumarstarfa námsmanna.

Enn er eftir að innheimta nokkuð af þessum fjárhæðum enda styrkirnir bundnir við verkefni sem enn eru í vinnslu. Tekjur Melrakkasetursins voru 5.283.970,- kr. í formi vörusölu og sölu aðgangseyris. Tap var af rekstrinum að upphæð 609.251,- kr. en veltufjármunir voru 936.149 í formi vörubirgða, viðskiptakrafna og bankainnistæðna.

Styrktaraðilar

Melrakkasetrið er á skrá hjá 1% for the planet og annað árið í röð veittu Borea Adventures okkur styrk sem nam 1% af ársveltu fyrirtækisins. Við erum ævarandi þakklát þessum vinum okkar og nágrönnum fyrir tiltrú á verkefnið okkar og stuðning í verki.

Páll Hersteinsson, sem lést langt fyrir aldur fram þann 13. október, var hugmyndasmiður setursins og verndari þess. Hann lét setrinu í té fjöldann allan af fræðsluefni og las yfir allan texta sem frá setrinu var sendur, bæði á íslensku og ensku. Ekkja Páls og fjölskylda hefur ánafnað setrinu fjöldann allan af bókum og munum sem hafa tilfinningalegt gildi og sögulega tilvísun. Til minningar um Pál söfnuðu kollegar hans í Noregi saman nokkurri fjárhæð sem þau gáfu setrinu. Í því tilefni stofnuðum við sérstakan sjóð í minningu Páls. Við erum mjög þakklát og vonum að við getum haldið nafni Páls á lofti sem sá mikilsvirti vísindamaður sem hann var.

Nákvæmlega mánuði eftir andlát Páls, lést annar bakhjarl Melrakkasetursins, hún Jana Sam. Eins og allir vita þá ánafnaði Jana Melrakkasetrinu dágóða fjárhæð árið 2010. Nokkrir af ættingjum hennar gáfu í Jönusjóðinn til minningar um þessa merku og mætu konu. Munu framlögin nýtast vel í frekari uppbyggingu eins og hún hefði viljað.

Samstarfsaðilar

Eins og áður komu sjálfboðaliðar frá Háskólasetri Vestfjarða, ásamt fleiri þátttakendum frá ýmsum löndum, og tóku þátt í rannsóknum í Heydal, í Hornvík og í Hestfirði. Það voru þau Conor og Lexie frá USA, Tobi og Karlien frá Hollandi, William frá Bretlandi, Carla frá



Þýskalandi og Edwin frá USA, Móri frá Þýskalandi, Dotan frá Kanada, Megan Chen frá Kanada, Peter May frá Danmörku, Anja frá Þýskalandi, Bastien frá Frakklandi og Richard frá Bretlandi. Margir fleiri sóttu um að koma og starfa hjá okkur sem sjálfbóðaliðar en við sáum okkur ekki fært að hafa fleiri. Ljóst er að við gætum nýtt langtum betur þennan stuðning því margt af þessu fólki hefur mikla reynslu og góða menntun og framlag svona gesta er ómetanlegt á svo margan hátt. Gott væri að geta haft húsnæði og mannskap til að skipuleggja sjálfbóðaliðastarfið eins og gert er víða um heim. Þetta er á stefnuskránni.



Samstarfsaðilar í ýmsum verkefnum Melrakkasetursins (sjá í verkefnalista) eru, og hafa verið, Náttúrustofa Vestfjarða (Þorleifur Eiríksson), Háskóli Íslands (Páll Hersteinsson+), Náttúrufræðistofnun, Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík (Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir), Hornstrandastofa (Jón Björnsson), Hið Villta Norður - The Wild North, Vesturferðir, Borea Adventures, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Refaveiðimenn, sveitafélög á Vestfjörðum, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Kómedíuleikhúsið, Byggðasafn Vestfjarða, Valdimar Gíslason, Herráðið, Ferðaþjónustan í Heydal, Raggagarður, Iceland Tour Guy, Marsibil Kristjánsdóttir (Billa), Ásta Þórisdóttir, bláberjasamlagið, ýmsir tónlistarmenn, myndlistarmenn og ýmsir fleiri

Starfsemin 2011

Veturinn

Árið 2011 fór rólega af stað en af og til komu gestir í heimsókn, oftast nær frá Heydal eða Borea Adventures. Stakir ferðamenn dattu líka inn úr kuldnum og þóttust heppnir að fá að líta dýrdina. Einnig komu ýmsir hópar af fólki í skemmtiferð og nutu þess að kíkja við í Rebbakaffi og heyrja sögu Eyrardalsbæjarins og Melrakkasetursins. Meðlimir úr 350.org kom með okkur í grunnskólann og krakkarnir bjuggu til veggspjald um áhrif loftslagsbreytinga á tófuna. Nokkrir aðilar héldu fundi hjá okkur og fengu góða þjónustu og veitingar.

Á þorranum var slegið til sluddublóts þar sem boðið var upp á óhefðbundna þorrabakka og frumsamda tónlist í góðra manna hópi. Það sem gerist í Eyrardalsbænum á slíkum kvöldum, fer



ekki lengra..

Sjálfbóðaliðar komu frá ýmsum heimshornum og þau fyrstu komu í mars: Conor og Lexie. Þar sem Frosti hafði ekki sést um langa hríð fengu þau það hlutverk að fylgjast með ferðum refa á því svæði sem Frosta var sleppt, hann lét þó ekki sjá sig en einhver kroppaði í ætið sem lagt var út fyrir hann. Myndavélin neitaði að taka mynd af því dýri sem kom í ætið svo örlög Frosta voru áfram óljós..

Í apríl komu þau Tobi og Karlien. Þau fengu að dvelja að Hesti og kanna ferðir refa í tíma og rúmi. Einnig sáu þau um eldamennsku handa stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Súpan þeirra var ljúffeng og lagði grunn að Hornstrandasúpunni sem var á boðstólnum allt síðastliðið sumar.



Í mars komu þau Orsolya og Erlend Haarberg til að ljósmynda tófur að vetrarlagi. Þau voru að safna efni fyrir ljósmyndabók um náttúru Íslands fyrir National Geographic. Bókin kom út í haust sl. og hafa bæði fengið verðlaun, lof og prís fyrir myndirnar sínar. Unnur Jökulsdóttir ritaði textann. Í janúar 2012 kom svo syrpa af tófumyndum þeirra í BBC tímaritinu Discover Wildlife. Við erum að vonum stolt af þeim Haarberg hjónum og að hafa veitt þeim aðstoð við myndatökurnar. Tófunar “okkar” hafa svo sannarlega sigrað heiminn. Hægt er að fletta bókinn hér: http://www.haarbergphoto.com/books/show_flippingbook/3 og hér er myndaserían: <http://www.discoverwildlife.com/gallery/arctic-fox-photo-gallery-orsolya-and-erlend-haarberg>.

Vorið

The Lonely Planet ferðahandbókin kom út í maí og fengum við aldeilis flotta umfjöllun og mikið pláss þar. Strax urðum við vör við að gestir væru að koma gagngert vegna umfjöllunar í bókinni. Mikið af sjálfbóðaliða umsóknum kom í kjölfarið.

Opið var í Melrakkasetri um páskana og boðið upp á páskakaffi. Inga Vala og Dagný stóðu vaktina en um tilraun var að ræða svona í fyrsta skiptið.

Sumarið

Í júní kom Moritz jarðfræðinemi frá Þýskalandi og var hann frá upphafi aldrei kallaður annað en Móri. Hann kunnir ýmislegt fyrir sér og var liðtækur til margra verka. Móri sá um allt frá vöflubakstri til leiðsagnar á ensku og þýsku. Hann hannaði veggspjöld fyrir yngri gesti og “wikipedia-væddi” setrið. Svo spilaði á trommur með „The Nielsen band“ milli þess sem hann sinnti rannsóknum sínum og okkar. Verkefni Móra fjallaði um jarðfræði grenja og var frumrannsókn á þessu sviði.

Þann 12. júní fögnuðum við eins árs opnunarafmæli Melrakkaseturs í Eyrardal. Gamla Bakaríð á Ísafirði gaf okkur afmælistertu og Ölgerðin gaf drykki. Um tvö hundruð gestir mættu í setrið til að fagna með okkur. Við frumsýndum náttúrulífs-kvikmyndir Tobiasar Mennle og Marie Heléne Baconnet en þau nutu leiðsagnar okkar við tókur á refum á Hornströndum. Eggert og Michelle spiluðu og sungu fyrir gesti og starfsfólkið okkar stóð sig með þryði. Sjálfbóðaliðarnir létu ekki sitt eftir liggja og stóðu í vöflubakstri og uppvaski fram eftir kvöldi.



Við höldum pöbbarölt með Ömmu Habbý í júlí. Byrjað var á tónleikum með Skunda, Michelle og Eggert í Melrakkasetri og svo héldu menn á tveimur jafnfljótum yfir á Ömmu Habbý þar sem stuðið hélt áfram. Ólympíuleikar trúbadora fóru fram í Melrakkasetri í ágúst. Þar komu fram listamenn frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Ítalíu og Þýskalandi o.fl. Þau lentu í umferðaróhappi á leiðinni en sluppu með skrekkin og fengu súpu og knús hjá Fanney og Hjöllu. Arnar smiður hitaði upp fyrir ólympíuleikana. Svavar Knútur hélt tónleika hjá okkur á loftinu í júlí. Svavar hefur frábæra rödd og spilar fjölbreytta tónlist. Hann er líka meiriháttar performans og skemmtilegur uppistandandari. Svavar fær sér alltaf bol þegar hann kemur í setrið og á orðið marga melrakkaboli. Skúli Mennski hélt líka tónleika hjá okkur í sumar. Hann hefur frábærlega djúpa og flotta rödd sem hljómar snilldar vel á loftinu okkar. Svo semur hann flotta texta. Skúli er kannski okkar Tom Waits? Öddi og Rúna tóku að sér að hita upp fyrir Skúla enda eru þau félagar í leik og list. Þarna fengum við smjörþefinn af því sem seinna varð. Þar sem fáir komast á loftið okkar voru þetta kannski minnstu tónleikar sómans á sl. ári?

Daniel Hutton, bretinn syngjandi, kom og söng fyrir súpu á leið sinni hjólandi um landið. Hann hrósaði vegunum á Vestfjörðum og kom aftur við í bakaleiðinni. Leiksýningin "Gaggað í grjótinu" var sýnd á loftinu af og til í sumar. Nafnlaus veiðimaðurinn klikkar ekki og alltaf gaman á gagginu.

Hið eina sanna Herráð hélt uppistand á loftinu í Eyrardal eina kvöldstund í ágúst. Þar kynntu þeir söguna af Kusa og færðu okkur nýja diplómu á vegg Herráðs-stofunnar. Eins og venjulega var kvittað fyrir komu sína í bundnu máli.

Gestabókin er því full af kveðskap og hér eru nokkrar af mörgum þeim vísum sem skráðar voru í bókina:

*„Við gestir áttum góða stund,
gleymd var hugsun vakin,
um ref er áður gekk um grund,
gömul saga rakin.“*

- Höf. Valdimar Gíslason



„Sá refur sem áður var eltur hér
upp um fjöll og í lænum
nú settur á stall í stofnun er
staðsetta í Eyrarbænum.“

- Höf. Bergur Torfason

Lokasýning haustleikferðar Kómedíuleikhússins fór fram í Melrakkasetrinu í september. Tvö verk voru sýnd á loftinu: Jón Sigurðsson - strákur að vestan og Bjarni á Fönn. Höfundar og leikarar voru þeir Ársæll Níelsson og Elfar Logi Hannesson en leikmynd og búninga hannaði Marsibil G. Kristjánsdóttir.

Ótrúleg leikverk, góð stemning og góður endir á miklu lista- og menningarsumri í Eyrardal.



Yrðlingarnir

Í byrjun júlí komu til okkar tveir agnarsmáir mórauðir yrðlingar. Þeir fengu nöfnin Móri og Minni, vegna stærðarmunar, þeir voru líka mjög ólíkir karakterar og gaman að fylgjast með þeim bræðrum vaxa úr grasi. Eins og Frosti í fyrra þá fengu þeir Murr lúxus kattamat og fannst hann bestur af öllu sem þeim var fært. Móra og minna var sleppt í október en áður voru þeir örmerktir. Minni varð frelsinu feginn en Móri hefði helst viljað koma aftur heim. Ekkert hefur frést af þeim bræðrum í vetur.

Eyrardalur

Gamli bærinn var málaður að utan í sumar. Það gerðu Vilborg Arnardóttir (Bogga) og Guðrún Halldórsdóttir. Veðrið var einstaklega gott og útsýnið af þakinu með besta móti segja þær stöllur. Framkvæmdir á lóðinni halda áfram næsta vor en þar er þörfin brýn enda viljum við að gestir okkar njóti aðkomunnar þegar þeir koma í heimsókn.

Nemendur vinnuskólans unnu að því með hinni þýsk/orkneysku Tatjónu að hlaða grjóti við stíginn og ána. Þar verður brúin sem tengir verðandi göngustíg í gamla þorpið, alla leið í Raggagarð.

Hornstrandir

Í júní var farið í fyrstu rannsóknarferð sumarsins til Hornvíkur þar sem dvalið var í viku. Eins og áður var fylgst með samskiptum ferðamanna og refa og gerð úttekt á fjölda grenja í ábúð. Í þetta skiptið voru fleiri sjálfboðaliðar en áður og var því hægt að



fylgjast með á fleiri stöðum til að fá samanburð. Í þessari ferð voru þrír nemendur frá Háskólasetrinu, þau William frá Bretlandi, Carla frá Þýskalandi og Edwin frá USA. Móri kom einnig með í júní ásamt Dotan frá Kanada. Í stuttu máli var mjög kalt þessa vikuna enda með eindæmum kalt vor. Allt gekk þó að óskum, refirnir voru samvinnuþýðir og allir stóðu sig vel.



Þess má geta að tveimur vikum fyrr var hvítbjörn skotinn á svæðinu, ung birna sem hlaupið hafði úr Hælavík um Atlaskarð inní Rekavík bak Höfn. Nú er verið að stoppa þessa birnu upp og við höfum boðist til að hýsa hana á sýningunni okkar.

Í júlí kom babb í bátinn svo þeir sem höfðu bókað sig í sjálfboðaliðavinnu komust ekki til Hornvíkur og ekki var hægt að breyta flugi og öðrum áætlunum með svo litlum fyrirvara fyrir fólk á biðlista. Við fengum Megan Chen frá Háskólasetrinu til að taka þátt í rannsókninni og með henni fór Hjörleifur okkar. Ferðin var þó farin mun seinna en áætlað hafði verið og því var ágúst sleppt í Hornvík. Ester fór með þeim til að setja þau inn í málin og skildi þau svo eftir í ríki refsins og bjargfuglanna.

Ester fór með Borea Adventures og belgískum gestum í ævintýraferð í júlí á skútunni Auroru. Farið var í Djúpið, Jökulfirði og á Hornstrandir. Einnig var farið í fimm dagsferðir í refaskoðun með gestum frá Vesturferðum. Dýralífð var fjölbreytt eins og vera ber og allir gestir sátir við það sem fyrir augu bar.

Í ágúst var enn og aftur kominn hópur til að vakta tófur og nú fóru þrjú í Hestfjörð: Anja frá Þýskalandi, Bastien frá Frakklandi og Richard frá Bretlandi. Þau bjuggu við þröngan kost í matartjaldinu og komu sér fyrir á háum fjallahryggjum til að fylgjast með tófum úr fjarska. Þetta var síðasti hópur sumarsins og þau stóðu sig með þryði eins og búast mátti við. Richard var áður aðstoðarmaður í kríurannsóknum sl. sumar og Bastien hafði verið hjá Náttúrustofu Vestfjarða við ýmsar rannsóknir.



Bláber

Bláberjadagar voru haldnir í fyrsta sinn í sumar. Voru þeir einstaklega vel heppnaðir í alla staði og viðburðir vel sóttir. Margir gengu í berjaliðið og allir lögðust á eitt til að hátíðin yrði sem best og að allir gætu skemmt sér vel saman.

Fjölbreytt dagskrá var í boði frá föstudagskvöldi og fram á sunnudag, allt frá bláberjahlaupi til uppskriftakeppni, bláberjabrennu og dansiballs.

Í Melrakkasetri fór m.a. fram fyllukeppni,



bláberjapæ-átkeppni og keppnin um stærsta berið. Boðið var upp á fróðleg erindi og berjasamlagið stofnað. Tónlistin ómaði um allan bæinn og bláberjalestin ók gestum á milli bæjarhluta. Við hlökkum mikið til næstu bláberjadaga enda góð skemmtun í alla staði.

Veturinn

Páll Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands, lést á hjartadeild Landspítalans 13. október 2011. Páll átti hugmyndina að Melrakkasetrinu og stóran þátt í að koma henni í framkvæmd. Rannsóknarniðurstöður hans eru mikilvægur hluti af sýningunni og hann færði setrinu talsvert af persónulegum munum. Við opnun Melrakkaseturs Íslands þann 12. Júní 2010 var Páll tilnefndur verndari Melrakkasetursins. Mikill meistari er fallinn og verður seint fyllt í það skarð sem nú stendur autt í hópi fræðimanna með slíka þekkingu á lífsháttum tófunnar sem hann hafði. Eftir fráfall Páls hefur Melrakkasetrið sótt um að taka við rannsóknum hans sem stóðu samfleytt í 32 ár. Nú í vetur hlaut setrið styrk frá Veidikortasjóði til að sinna vöktun á landsvísu árið 2012. Helstu verkefni eru að taka við hræjum frá veiðimönnum víða um land og kryfja þau. Með því að skoða ástand dýranna og aldursgreina þau er hægt að áætla ástand og stofnstærð tófustofnsins. Vöktunin verður unnin með samstarfi við Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofu Vestfjarða.

Frá miðjum október var Melrakkasetrið lokað vegna þess að verið var að klæða loftið og ljúka við málningarvinnu í kaffihúsinu ásamt fleiru sem ekki gafst tími til fyrir opnun. Eins og áður kom fram voru það Oddný Bergsdóttir, Maria Danium og Jón Ragnarsson sem hjálpuðu til við að pakka öllu niður til geymslu í sýningarsalnum. Af og til komu þó gestir sem sýndu mikla þolinmæði vegna framkvæmdanna. Dagbjört Hjaltadóttir tók á móti þeim og sagði þeim sögu hússins og Melrakkasetursins. Ester var stödd fyrir sunnan enda þurfti hún að taka við kennslu í námskeiði Páls við Háskólann og koma rannsóknunum í góðan farveg.

The Wild North

Rannsóknir á refum og ferðamönnum á Hornströndum ásamt ferðamannakönnun er stærsta verkefni Melrakkaseturs innan TWN. Þetta árið lögðu 17 sjálfbóðaliðar okkur lið í athugunum á ferðamönnum og refum. Nú notum við merktan fatnað frá Zo-on og Craft og flöggum fána The Wild North sem merktur var hjá Fánasmiðjunni.

Farið var í fimm dagslangar refaskoðunarferðir með Vesturferðum og eina fimm daga ferð með Borea Adventures. Ferðirnar eru verkefni ferðaskrifstofanna í þróun sjálfbærra náttúruskoðunarferða. Unnið er útfrá heildar upplifun viðskiptavinarins og því er fléttað saman fræðslu og leiðbeiningum til gesta, ferðapjóna og leiðsögumanna ásamt því að fá alla þá sem koma að ferðinni á einn eða annan hátt til að tileinka sér vinnuáferðir (e. Best practice) í samræmi við stefnu hópsins.

Ester og Sigursteinn hjá IFAW fóru í heimsóknir grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum. Ester sagði frá verkefnum Melrakkasetursins, The Wild North, hugmyndafræðinni um sjálfbæra dýralífsferðapjónustu í samræmi við náttúruvernd, samfélagið og mannvernd.

Ester fór ásamt öðrum félögum í The Wild North á ráðstefnur og fundi til að segja frá verkefninu og kynna helstu niðurstöður þess. Nata bauð til Færeyja þar sem verkefnið var kynnt sem “best practice” 2011. Ársfundur The Wild North var haldinn á Vestfjörðum í október. Fundað var í Bolungarvík og Súðavík.

Ester kynnti Melrakkasetrið, The Wild North og spendýr á Íslandi í vistfræðinámskeiði ferðamálafræðinnar við Háskóla Íslands í nóvember. Hún tók svo við umsjón námskeiðsins vistfræði spendýra, sem er valnámskeið á þriðja ári innan líffræðinnar.

Rannsóknir

Frá upphafi hefur Melrakkasetrið tekið virkan þátt í rannsóknum á refum á Vestfjörðum, í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða, Háskóla Íslands og fleiri hagsmunaaðila. Rannsóknirnar eru þríþættar:

- 1) Þéttleiki og ástand refa í Hornstrandafriðlandi sem hófst 1998. Samstarfsaðilar eru Náttúrustofa Vestfjarða (NAVE) og Háskóli Íslands (Páll Hersteinsson†). Frá 2001 hefur áherslan verið lögð á ítarlega rannsókn í Hornvík en önnur svæði vöktuð reglulega. Umhverfisráðuneytið veitti Melrakkasetrinu styrk til rannsókna fyrir árið 2012. Er okkur sýnt mikið traust og gerum við okkur grein fyrir því að með styrknum fylgja væntingar. Munum gera okkar besta við að standa undir þeim.
- 2) Áhrif ferðamanna á refi á Hornströndum. Verkefnið hófst 2008 með samstarfi við Rannsókn og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Samstarfsaðilar: The Wild North. Verkefnið var styrkt af Rannís 2008 og Vaxtarsamningi Vestfjarða 2010.
- 3) Stofnmat á refum á Vestfjörðum var hvatning til sveitafélaga og veiðimanna á Vestfjörðum til að senda hluta af veiddum refum á svæðinu til krufningar til að hægt væri að meta ástand stofnsins á svæðinu.
- 4) Stofnmat á íslenska refnum. Um er að ræða rannsókn sem Páll sinnti í yfir 32 ár og eru niðurstöður þess eitt merkasta og best þekkta gagnasafn um tegundina í heiminum. Rannsóknin fer fram með góðu samstarfi veiðimanna víðsvegar af landinu sem senda refahræ til krufninga og aldursgreininga. Vonast er til að halda áfram því samstarfi enda byggist gagnaöflun á því að nægilegur fjöldi hræja berist og að þau endurspegli stofninn í tíma og rúmi. Fellur stofnmat á refum á Vestfjörðum inn í heildarrannsóknina á landsvísu.

Við þökkum þeim sem þegar eru farnir að senda hræ en áætlað er að hægt sé að senda fyrstu niðurstöður í sumar. Tafir á afgreiðslu styrkjarins ollu óvissu í rannsóknarferlinu sem gerðu það að verkum að verkið dróst á langinn. Þó er búið að kryfja alla refi sem bárust árið 2011 og hluta af þeim sem bárust fyrrihluta árs 2012. Einungis er eftir að aldursgreina dýrin og verður þá hægt að senda veiðimönnum niðurstöðurnar og áætla stofnstærð á landinu árið 2011.



Sumarið framundan:

Brúðuleikhúsið Mikki og melrakkarnir verður sýnt um helgar í sumar, í samstarfi við Kómedíuleikhúsið og áhugasama leikara úr heimabyggð. Þar koma fyrir frægir og ófrægir refir sem spjalla saman um líf og tilveru í refaheimum. Mikki er rauðrefur frá Hálsaskógi í Noregi, mjög frægur og lífsreyndur. Þegar Mikka er boðið í Melrakkasetrið hittir hann fyrir tvær vestfirskar tófur sem hafa aldeilis þurft að hafa fyrir lífinu vestur á fjörðum. Sýningin naut styrkjar frá Menningarráði Vestfjarða. Ásta Þórisdóttir og Lilja S. Jónsdóttir hjá Dúkkukerrunni á Drangnesi skrifuðu handritið, hönnuðu brúður og leikmynd en Elfar Logi Hannesson leikstýrir verkinu og staðfærði handritið. Leikarar í sumar eru þær Aldís Ómarsdóttir og Mekkín Silfá Karlsdóttir.

Billa (Marsibil Kristjánsdóttir) hefur teiknað myndir af refunum þremur sem við ætlum að nota til að kynna yngri gestum veröld refanna, með ýmsu móti.

Við stefnum að því að hafa lifandi tónlist á loftinu alla föstudaga í sumar. Einnig verður á loftinu lista- og handverksmarkaður sem Maja og Sveinbjörn hjá Art Vest sjá um. Það er því vonandi eitthvað fyrir alla í setrinu í sumar.



Lokaorð

Af öllu ofangreindu má sjá að það litla verkefni sem lagt var upp með haustið 2007 er orðið að alvöru rannsókna og fræðasetri og vinsælli gestastofu. Einnig hefur hróður okkar boðist víða sem áfangastaður og fyrsta val þeirra sem ferðast gagngert til að sjá og skilja betur náttúru og dýralíf á norrænum slóðum. Við erum ánægð með viðtökurnar og gerum okkar besta til að standa undir öllum þeim væntingum sem til okkar eru gerðar.

Melrakkasetrið stefnir að því að melrakkinn verði gerður að þjóðardýri Íslendinga. Unnið verður að því leynt og ljóst enda nokkurn vegin í höfn að tófan sé orðin einkennisdýr Vestfjarða. Ekki eingöngu er melrakkinn frumbyggi landsins, hann er einnig þeim kostum búinn sem okkur sjálfum þykja eftirsóknarverðir. Refurinn getur verið tákmynd fyrir allt það náttúrulega og íslenska; hann ástundar heilbrigða lifnaðarhætti og sýnir hófsemi þegar nóg er af öllu en bjargar sér með hyggindum og hófsemi þegar kuldi og hungur sverfir að. Við getum lært margt af þessu litla dýri og það er okkar hlutverk að leyfa þjóðinni að kynnast því betur.

Við tökum stolt að okkur að halda áfram mikilvægu rannsóknarstarfi sem verndari og hugmyndasmiður Melrakkasetursins, Páll Hersteinsson heitinn, stóð fyrir í 32 ár. Menningarhlutverk okkar mun þó ekki falla í skuggann enda ærin verkefni framundan þar. Við í Melrakkasetrinu finnum fyrir sterkum meðbyr og jákvæðni í garð litla verkefnisins okkar, bæði héraendis sem og erlendis. Við erum ánægð með að fá tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Gestafjöldinn á setrið hefur tvöfaldast á milli ára og klárlega eru fleiri sem vita af okkur þarna úti í heimi. Við erum spennt að sjá hvað komandi sumar færir okkur af áhugasömum gestum.

Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf.

Barði Ingibjartsson

Dagbjört Hjaltadóttir

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Ómar Már Jónsson

Böðvar Þórisson

Elías Oddsson

Ársskýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi þann 7. maí 2011

Myndir: Þórður Sigurðsson, Sonja Lind, Móri, Christian Gallo, Melrakkasetur ..